

Útiafbreyting í Háaleitis- Bústaðahverfi

- 1 Grasagarður fyrir ofan Víkina**
 - Á staðnum er hugguleg nestisaðstaða og því tilvalinn staður fyrir nestispásu í göngutúr um Fossvoginn.
- 2 Folfvöllurinn í Fossvogi**
 - Virkilega skemmtilegur 9 holu völlur og af mörgum talinn einn sá skemmtilegasti. Á svæðinu eru einnig leiktæki fyrir börn.
- 3 Græna miðjan – fyrir ofan leikskólann Kvistaborg**
 - Svæðið býður upp á afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Á svæðinu er fótboltavöllur, körfuboltavöllur, kastali og fleira.
- 4 Sparkvellir.**
 - Þrír sparkvellir eru í Bústaðahverfi og eru þeir staðsettir í Fossvogsskóla, Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla.
- 5 Útiæfingatæki.**
 - Útiæfingatæki eru staðsett austan megin við Fossvogsskóla, á Fossvogsfolfvellinum, hjá eldri borga blokkunum hjá Breiðagerðisskóla og hjá Víkini.
- 6 Rauði róló hjá Víkini.**
 - Skemmtileg klifurgrind er á svæðinu ásamt fleiru.
- 7 Skólahreystisbraut**
 - Í Réttarholtsskóla er skólahreystisbraut sem svipar til þeirra sem notuð er í alvöru keppninni. Gaman er að spreyta sig á henni og verða krýndur sigurvegari sinnar fjölskyldu.
- 8 Körfuboltavellir.**
 - Körfuboltavellir eru staðsettir víðsvegar um hverfið. Þar má nefna Fossvogsskóla, Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla og á fl. stöðum.

9

Almenningsgarður milli Hólmgarðs og Hæðargarðs.

- Skemmtilegur garður er á svæðinu með leiktækjum fyrir börn. Á svæðinu er lítil kofi sem hægt er að fá sér sæti í.

10

Grundargerðisgarður

- Í garðinum er hugguleg aðstaða til að fá sér sæti og leiktæki fyrir börn.

11

Leiksvæði fyrir neðan Póló

- Á svæðinu er m.a. fótboltavöllur og kastali.

12

Hjólabraut

- Við hliðina á hitaveitustokknum á milli Bústaðakirkju og Réttarholtsskóla er hjólabraut. Muna að vera með hjálm.

Loftmyndir af útisvæðum





